

Umskipti úr námi og út á atvinnumarkað

Helstu vandamál, viðfangsefni og möguleikar sem blasa við
nemendum með sérþarfir í sextán Evrópulöndum



Umskipti úr námi og út á atvinnumarkað

**Helstu vandamál, viðfangsefni og
möguleikar sem blasa við nemendum
með sérþarfir í sextán Evrópulöndum**

Yfirlitsskýrsla

Október 2002

Þetta er lokaskýrsla rannsóknarinnar „Umskipti úr skóla og út í atvinnulífið“ sem stjórnað var af Evrópumiðstöðinni fyrir þróun í sérkennslu.

Leyfilegt er að birta útdrætti úr skýrslunni ef heimildar er nákvæmlega getið.

Umfangsmikill gagnagrunnur um umskipti með upplýsingum sem sýna samanburð milli hinna sextán þjóða sem þátt taka í rannsókninni, ásamt upplýsingum bæði á Evrópuvísu sem og á alþjóðavísu, er á Internetinu: www.european-agency.org

Þessi skýrsla er einnig fánlega á rafrænum vinnsluformum og á tólf öðrum tungumálum til að þessar upplýsingar séu sem aðgengilegastar.

ISBN 87-90591-57-7

Október 2002

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Aðalskrifstofa:
Østre Stationsvej 33
DK-5000 Odense C
Danmörk
Sími: +45 64 41 00 20
Bréfsími : +45 64 41 23 03
secretariat@european-agency.org

Skrifstofa í Brussel:
3, Avenue Palmerston
B- 1000 Brussels Belgium
Sími: +32 2 280 33 59
Bréfsími: +32 2 280 17 88
brussels.office@european-agency.org

Veffang: www.european-agency.org



Þessi skýrsla var unnin í nánu samstarfi við eftirfarandi aðila:

Elisabetta BERNARDINI
Alexander BÖHM
Patrice BLOUGORN
Gunnvor BOLLINGMO
Peter den BOER
Harrie van den BRAND
Maria Dolores CEBOLLADA
Danielle CHOUKART
Lesley DEE
Eygló EYJÓLFSDÓTTIR
Jorun Buli HOLMBERG
Markku JAHNUKAINEN
Preben SIERSBAEK LARSEN
João de LIMA PINHEIRO
Claudia NIEDERMAIR
Håkan NORDIN
Leif THORSSON

Ritstjóri: Victoria SORIANO
Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Efnisyfirlit

FORMÁLI	5
INNGANGUR	6
1 UMSKIPTI	9
2 ÁRANGUR AF FYRRI STARFSEMI	11
2.1 Helstu vandamál.....	13
3 STARF EVRÓPUMIÐSTÖÐVARINNAR	17
4 SJÓNARMÍÐ OG ATRIÐI SEM MÁLI SKIPTA	20
4.1 Stefnumótun og hagnýt úrræði sem fyrir hendi eru og innleiðing þeirra.....	20
4.2 Þátttaka nemenda. Eigið val nemenda virt.....	22
4.3 Þróun viðeigandi einstaklingsbundinnar námsáætlunar...24	
4.4 Bein hlutdeild og samstarf allra viðkomandi aðila.....	26
4.5 Náin tengsl milli skóla og atvinnulífs.....	28
4.6 Umskipti úr námi og út í atvinnulífið er hluti af löngu ferli 30	
5 YFIRLIT YFIR NIÐURSTÖÐUR	33
6 TILLÖGUR	35
7 HEIMILDIR	41
Samstarfsaðilar Evrópumiðstöðvarinnar og sérfræðingar um umskipti frá ýmsum löndum	43

FORMÁLI

Samstarfsaðilum Evrópumiðstöðvarinnar eru færðar bestu þakkir fyrir stuðning og samvinnu og einnig öllum öðrum sérfræðingum sem skipulögðu heimsóknir í skóla og þjálfunarmiðstöðvar og útveguðu gögn, og einnig þökkum við fyrir þá vinnu sem þessir aðilar lögðu að mörkum við undirbúning þessarar skýrslu.



Jørgen Greve,
framkvæmdastjóri

INNGANGUR

Viðfangsefnið „Umskipti úr skóla og út í atvinnulífið“ var valið af aðildarlöndum Evrópumíðstöðvarinnar vegna þess hve mikilvægt það er og einnig vegna sameiginlegs áhuga á verkefnum sem tengjast þjálfun, færni og atvinnu ungs fólks með sérþarfir.

Eitt helsta markmið þessarar umfjöllunar er að varpa ljósi á beina hlutdeild sérfræðinga á þessu sviði. Rúmlega 60 sérfræðingar frá 16 löndum hafa miðlað af reynslu sinni og lagt þannig sitt af mörkum með gagnrýnum umræðum um dagleg störf sín. Markmiðið með þessu viðkvæma viðfangsefni var að skilgreina ríkjandi vandamál með nákvæmari hætti – leita svara varðandi umskiptaferlið, *hvað er gert og hvers vegna* – og benda á leiðir til að bæta starfshætti – leita svara við því *hvernig* æskilegt er að þetta ferli sé.

Í lok ársins 1999 gerði Evrópumíðstöðin úttekt og greiningu á fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum á bæði Evrópu- og alþjóðavísu varðandi atvinnumál ungs fólks með sérþarfir. Þessi úttekt skapaði grundvöll og ramma fyrir greiningu á upplýsingum frá einstökum löndum sem sérfræðingar á sviði umskipta, sem tilnefndir voru frá þeim 16 löndum sem sameinast um þetta málefni, lögðu fram. Safnað var upplýsingum í hverju landi fyrir sig um ríkjandi stefnur, útfærslu á umskiptaferli, vandamál og árangur. Sérfræðingar voru beðnir að útvega raunhæfar upplýsingar um málefni á borð við:

- Aðgengi að námi fyrir ungt, fatlað fólk að loknu skyldunámi;
- Áætlanir sem gerðar hafa verið um umskiptaferli;
- Horfur á atvinnu/atvinnuleysi meðal fatlaðra;
- Löggjöf og stefnumál er varða umskipti eða aðgerðir sem greiða fyrir atvinnu;
- Viðkvæmir sem og jákvæðir þættir í hverju landi fyrir sig.

Til að upplýsingar frá einstökum löndum væru sem ítarlegastar var valinn marktækur fjöldi verkefna/starfshátta til greiningar –

a.m.k. eitt eða tvö í hverju landi. Verkefnin náðu til starfsemi í framhaldsskólum, starfsþjálfunarstöðvum eða öðrum svipuðum kennslustofnunum þar sem nemendur með ýmiss konar sérþarfir fá kennslu. Enginn sérstakur markhópur var valinn þar sem tilgangurinn var að hafa sem víðtækasta sýn á stöðuna í hinum ýmsu löndum og virða þau forgangsmál sem lögð voru fram í hverju landi. Auk þess var ekki gerður greinarmunur á því hvar kennsla fór fram – í almennum skólum eða sérskólum. Stutt lýsing á tveim lykilsviðum var lögð fram í hverju verkefni:

- (a) Hvað fólst í verkefninu, hvernig því miðaði áfram og hvers vegna (ferli/úrvinnsla);
- (b) Árangur (niðurstöður).

Með allar þessar upplýsingar í farteskinu fóru sérfræðingar í nokkrar námsferðir og tóku þátt í vinnufundum í ýmsum löndum. Tilgangurinn var að greina svipuð dæmi og mismun í starfi og einnig að setja fram fyrstu skilgreininguna – svipuð dæmi og andstæður – sem byggð var á reynslu þannig að hægt var að benda á lykilatriði á sviði umskipta sem bæri að athuga, efla eða breyta. Niðurstöður frá þessum námsferðum og vinnufundum má nálgast í gagnagrunni um umskipti á Netinu: www.european-agency.org

Helstu markmið með þessari skýrslu eru eftirfarandi: að gefa yfirlit yfir aðferðir og ferli sem virðast skila árangri, að leggja fram almenna skilgreiningu á viðkomandi eiginleikum sem og títtnefndum hindrunum og, síðast en ekki síst, að tilgreina mikilvæga þætti í umskiptaferlinu. Lokakaflinn inniheldur lista yfir tillögur sem beint er til stefnumótandi aðila og sérfræðinga og varða umbætur á umskiptaferlinu.

Í þessari yfirlitsskýrslu er samantekt á helstu málefnum sem sérfræðingar sem þátt tóku í verkefninu fjölluðu um á undanförunum tveimur árum og tilgangurinn er að setja fram efni til umhugsunar og frekari mótunar bæði meðal stjórnmalamanna og fræðimanna.

Ógerningur er að birta heildarmynd af öllum þeim upplýsingum sem safnað var meðan á verkefninu stóð í þessari skýrslu. Þeir sem áhuga hafa á sértækum upplýsingum frá einstökum

löndum og/eða tilteknum áhugasviðum geta leitað þeirra í
gagnagrunninum um umskipti á heimasíðu
Evrópumiðstöðvarinnar: www.european-agency.org

1 UMSKIPTI

Hugmyndarinnar um umskipti úr skóla og út í atvinnulífið er getið í ýmsum alþjóðlegum skjölum og eru skilgreiningar á henni aðeins mismunandi. Allar skilgreiningar innihalda þó þrjár meginhugmyndir:

- 1) *Ferli* – þ.e. nauðsynleg undirbúningsvinna og sá tími sem nauðsynlegur er til umskipta;
- 2) *Yfirfærsla* – að flytjast frá einu stigi yfir á hið næsta – í námi eða lífinu almennt;
- 3) *Breyting* – á persónulegum högum, sem og starfshögum.

Í Salamanca-yfirlýsingunni (UNESCO 1994) segir:

ungmennum með sérþarfir á sviði menntunar ber að hjálpa til að færa sig greiðlega frá skóla til atvinnulífs fullorðinna. Skólar þurfa að hjálpa þeim að verða vinnandi fólk, búið þeirri færni sem daglegt líf krefst. Þjálfa ber þá færni í umgengni og boðskiptum sem búist er við eða krafist í heimi fullorðinna (bls. 34).

Umskiptum er lýst í öðrum ritum – til dæmis Pellisé o.fl. (1996) – sem

sívirku aðlögunarferli, þar sem ýmiss konar breytur eða þættir koma við sögu. Þetta er ferli sem stöðugt á sér stað í lífi manneskjunnar og markar stundum afgerandi spor, svo sem þegar byrjað er í leikskóla, þegar skyldunámi lýkur eða þegar námi er hætt (bls. 4).

Alþjóðavinnuálagstofnunin (ILO) skilgreinir umskipti sem *félagslegt þroskaferli sem felur í sér breytingu á stöðu og hlutverki (t.d. þegar nemandi verður lærlingur, lærlingur verður starfsmaður og sjálfstæði tekur við af ósjálfstæði), og er aðalatriðið þegar um aðlögun að samfélaginu er að ræða ... Umskipti krefjast breytinga á tengslum, venjum og sjálfsmynd. Til að tryggja að umskipti úr skóla og inn á vinnustað verði sem þægilegust þarf ungt fatlað fólk að setja sér markmið og skilgreina hvaða hlutverki það vill gegna í samfélaginu (bls. 5 og 6).*

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD, 2000) telur að umskipti

yfir í atvinnulífið sé aðeins ein af þeim breytingum sem ungmenni verði að ganga í gegnum í uppvexti sínum. Frá sjónarhóli símenntunar er einfaldlega litið á umskipti úr grunnnámi, hvort sem um er að ræða nám í framhaldsskóla eða langskólanám, sem fyrsta skref af mörgum hvað snertir umskipti milli starfs og náms sem ungt fólk mun þurfa að taka á lífsleiðinni.

The Labour Force Survey (Vinnumarkaðskönnun, EB, 2000) bendir á að umskipti úr námi og út á vinnumarkað séu ekki sjálfgefin, að námi loknu liggi leiðin ekki endilega beint út á vinnumarkað. Þau eiga sér stað smám saman og ungt fólk sinnir námi og störfum tímabundið til skiptis.

Innan ramma þeirrar starfsemi sem þróuð hefur verið hjá Evrópumíðstöðinni á þessu sviði virðist sem umskipti út í atvinnulífið séu hluti af löngu og flóknu ferli sem spannar allt æviskeið einstaklingsins og stýra þarf á sem farsælastan hátt. „Gott líf öllum til handa“ sem og „gott starf öllum til handa“ eru lokamarkmið velheppnaðs umskiptaferlis í heild sinni. Þau úrræði sem fyrir hendi eru, eða skipulag í skólum eða öðrum menntastofnunum, ættu ekki að hafa áhrif á eða hindra að slíkt takist. Við umskipti úr námi og út í atvinnulífið ætti að gera ráð fyrir áframhaldandi þátttöku nemandans, aðild fjölskyldunnar, samræmi í allri þjónustu sem veitt er og nánú samstarfi við atvinnulífið (Evrópumíðstöðin, 2001).

2 ÁRANGUR AF FYRRI STARFSEMI

Í fyrsta yfirliti og greiningu á upplýsingum sem fyrir hendi voru í Evrópu og á alþjóðavísu – þar sem fjallað var um efni sem gefið var út á árunum 1992 til 1999 og náði til a.m.k. fjögurra landa – var lögð áhersla á almennar spurningar af alveg sama toga:

- Hvernig er hægt að undirbúa fólk með sérparfir fyrir lífið sem fullorðin manneskja og fullgildur þátttakandi í samfélaginu? (Pericas o.fl. 1999)
- Hvernig er hægt að tryggja að fatlaðir einstaklingar, sem vilja auka eins og unnt er getu sína til að lifa sjálfstæðu lífi, hafi ávallt aðgang að viðeigandi námsmöguleikum? (Lauth o.fl. 1996)
- Hvernig er hægt að draga úr fjölda þeirra ungmenna sem hætta grunnnámi og þjálfun áður en þeir hafa öðlast lágmarksréttindi? (*Joint Employment Report*, 1998).

Við vandlega skoðun á efni frá skólum sem og atvinnulífinu má sjá að sum meginvandamálin sem helst eru þar til umfjöllunar eru hin sömu. Það er ef til vill fjallað um þau út frá mismunandi sjónarmiðum en hægt er að skilgreina þau sem tvær hliðar á sama máli. Þau sýna að nán tengsl eru milli skólanna og atvinnulífsins. Vandamálin hafa *innri áhrif* innan annars geirans en þau hafa einnig ytri áhrif á hinn geirann.

Á töflunni sem hér fylgir er yfirlit yfir þau vandamál sem dregin eru fram í nærri öllum gögnum, í hvorum geira fyrir sig, ásamt stuttum skýringartexta. Notkun hinna ýmsu höfunda á hugtökum er mismunandi og tekið er tillit til þess hér.

Nám og þjálfun	Starf
<ul style="list-style-type: none">• Hátt hlutfall þeirra sem hætta námi: <p>Mikill fjöldi nemenda hefur framhaldsnám, en stór hluti þeirra lýkur ekki námi. Jafnvel þótt upplýsingar séu ekki alveg nákvæmar má segja að stórum</p>	<ul style="list-style-type: none">• Hátt hlutfall atvinnulausra: <p>Fatlaðir einstaklingar eru illa staddir hvað atvinnu snertir. Hlutfall atvinnulausra meðal fatlaðra er áberandi – þ.e. tvisvar til þrisvar sinnum</p>

<p>hluta nemenda með sérþarfir takist ekki að fylgja þeim námsáætlunum sem þeim er ætlað (OECD, 1997).</p>	<p>hærra en meðal ófatlaðra. (ILO 1998).</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Aðgengi að námi og þjálfun er ábótavant: <p>Tölulegar upplýsingar í Evrópu styðja þau rök að fatlaðir einstaklingar eigi við erfiðleika að etja á almennum atvinnumarkaði, ekki vegna meðfæddrar vanhæfni af völdum fötlunar, heldur vegna þess hve aðgengi þeirra að námi og þjálfun er ábótavant (ILO, 1998).</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Aðgengi að atvinnu er ábótavant: <p>Fatlaðir einstaklingar mæta almennt meiri erfiðleikum en aðrir við að finna sér starf og líklegra er að þeir búi við langvarandi atvinnuleysi (Lauth, 1996).</p> <p>Stefnumótun varðandi sérþarfir fatlaðra virðist ekki vera nógu samþætt öðrum sviðum, einkum þar sem unnið er að því að koma í veg fyrir langtíma atvinnuleysi og aðlaga fólk aðstæðum til að taka þátt í atvinnulífínu (EB, 1998).</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Skortur á eða takmörkuð hæfni: <p>Lítill menntun og skortur á hæfni hafa verið nefnd sem ástæður þess að fatlaðir hafi átt erfitt með að fá atvinnu. Upplýsingar sem nú eru fyrir hendi sýna að marga fatlaða einstaklinga skortir viðeigandi starfshæfni (ILO, 1998).</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Erfiðleikar við að mæta breyttum vinnuaðstæðum: <p>Vinnuaðstæður eru smám saman að breytast. Aukin atvinna krefst sóknarstefnu, sem stuðlar að aukinni eftirspurn, fremur en varnaraðgerða. Slíkt gerir kröfur um að fjárfest sé í áþreifanlegri framleiðslugetu,</p>

	mannauði, þekkingu og hæfni (EB, 1996).
<ul style="list-style-type: none"> • Vanmetin geta: <p>Kennarar, foreldrar og almenningur vanmeta gjarnan getu fatlaðra til að takast á við samkeppni í launastörfum (UNESCO, 1994).</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Neikvæð viðhorf vinnuveitenda: <p>Enn eru til vinnuveitendur með stöðnuð viðhorf. Oft skortir þá skýran skilning á hæfni og getu fatlaðra einstaklinga (ILO, 1998).</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Starfsþjálfun tengist ekki alltaf vinnuaðstæðum: <p>Við starfsþjálfun þarf að afla meiri upplýsinga um þá kunnáttu sem vinnuveitendur gera kröfur um. (EB, 1992).</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Takmarkað eða ekkert sambengi við menntun: <p>Í mörgum skýrslum er greint frá því að samstarf milli skóla og atvinnulífs sé takmarkað eða skorti jafnvel alveg.</p>

Ítarlegri útskýringar er að finna hér á eftir með nákvæmari upplýsingum um í hverju þau vandamál sem fjallað er um í hinum ýmsu ritum eru fólgin.

2.1 Helstu vandamál

Helstu málefni og erfiðleika sem í ljós komu við efnisleit í skýrslum um umskipti er hægt að flokka eftir efni í átta eftirfarandi málaflokka:

1. Upplýsingar

Upplýsingar á þessu sviði eru afar takmarkaðar, svo að erfitt er að gera einhvern samanburð á löndum. Þrátt fyrir mismunandi orðalag í hverju landi – hvort sem talað er um nemendur með sérþarfir eða fatlaða nemendur – má segja að meðalfjöldi þeirra ungmenna undir tvítugsaldri sem eru með sérþarfir í námi sé 3-20% (Evrópumiðstöðin, 1998; Eurybase, 1999).

2. Hlutfall þeirra sem ljúka námi

Árið 1995 var hlutfall fólks á aldrinum 20-29 ára sem ekki hafði lokið framhaldsskólaprófi um 30% (Eurostat). Þetta hlutfall er jafnvel hærra þegar litið er til nemenda með sérþarfir í námi. Erfitt er að meta hve margir nemendur munu hætta námi strax eftir skyldunám, en óhætt er að staðhæfa að margir láta sér skyldunám nægja. Upplýsingar – jafnvel þótt þær séu ekki nægilega nákvæmar – sýna að fjöldi nemenda með sérþarfir byrjar að stunda nám í framhaldsskóla en stór hluti þeirra mun aldrei ljúka því (OECD, 1997). Í sumum löndum hafa hér um bil 80% fatlaðra á fullorðinsaldri annaðhvort aðeins lokið grunnskólanámi eða eru taldir ómenntaðir með öllu (Lauth, 1996).

3. Aðgengi að námi og þjálfun

Fræðilega séð standa nemendum með sérþarfir sömu menntunarmöguleikar til boða og öðrum nemendum, en í raun og veru standa þeim yfirleitt bara til boða námsbrautir sem taka mið af félagslegri þjónustu eða láglau nastörfum (OECD, 1997). Ekki er gefið að þeir hafi áhuga á þeim valkostum sem þeim standa til boða og nám, sem og þjálfunaráætlanir, er ekki alltaf sniðið að áhuga þeirra og þörfum. Þetta skapar þeim erfiðleika á almennum vinnumarkaði (ILO, 1998). Meðal lausna á ýmsum vandamálum, m.a. þeim sem steðja að við umskipti úr námi og út í atvinnulífið, væri að gera námsbrautir hagnýtari og aðlaga þær betur þörfum nemenda (European Agency, 1999).

4. Starfsundirbúningur

Starfsþjálfun er oft ekki í neinu samhengi við raunverulegar störf; oft fer hún ekki fram við raunverulegar aðstæður og beinist yfirleitt ekki að margþættum störfum. Fatlaðir einstaklingar öðlast ekki þá hæfni sem þeir þurfa fyrir atvinnulífið; þjálfun þarf að sníða betur að þeim kröfum sem vinnumarkaðurinn gerir til fólks (ILO, 1998).

5. Hlutfall atvinnulausra

Hlutfall atvinnulausra meðal fatlaðra er tvisvar til þrisvar sinnum hærra en meðal ófatlaðra (ILO, 1998). Upplýsingar frá einstökum löndum innihalda aðeins fjölda einstaklinga á atvinnuleysisrá, en meiri hluti þess fólks sem hefur sérþarfir er ekki á skrá – það á ekki einu sinni möguleika á að komst út á vinnumarkaðinn (Lauth, 1996). Atvinnuleysisbætur fyrir fatlaða eru orðnar þriðji stærsti útgjaldaliður félagsþjónustunnar, næst á eftir ellilífeyri og útgjöldum til heilbrigðismála (*EC Employment*, 1997). Aukin atvinna krefst sóknaráætlunar – virkrar stefnu – sem stuðlar að aukinni eftirspurn, fremur en varnaraðgerða – eða hlutlausrar stefnu. Þetta krefst fjárfestingar í framleiðslu sem skilar áþreifanlegum árangri, mannauði, þekkingu og færni. Í þessu tilliti ætti ungt fólk sem býr við fötlun að vera leiðandi í því starfi að móta eigin framtíð (EB, 1998).

6. Væntingar og viðhorf

Um þennan málaflokk eru allar skýrslur samhljóða. Kennarar, foreldrar, vinnuveitendur, sem og almenningur, vanmeta getu fatlaðra. Samstarf er afar mikilvægt við þróun raunhæfs mats á færni nemanda á öllum sviðum menntunar (Evrópumiðstöðin, 1999), að meðtöldum umskiptum úr námi og út í atvinnulífið.

7. Aðgengi að vinnustöðum

Enn eru óleyst vandamál varðandi aðgengi að vinnustöðum, sem og aðgang að persónulegri og tæknilegri aðstoð. Upplýsingar og stuðningur til handa vinnuveitendum er einnig lykilmálefni sem fjallað er um í mörgum skýrslum.

8. Núgildandi löggjöf innleidd

Í sumum löndum er ýmist ekki til neinn lagarammi um umskipti úr námi og út í atvinnulífið, eða, sé hann fyrir hendi, þá leiðir hann til ósveigjanleika í kerfinu. Svo virðist sem misbrestur komi fram við kvótasetningu varðandi atvinnuráðningar, sem ætlað er að vera fötluðum í atvinnuleit til framdráttar, þegar til kastanna kemur og henni skal beitt og hrint í framkvæmd. Í flestum löndum er gert ráð fyrir ýmsum aðgerðum sem ætlað er að skila árangri á mismunandi stigum. Engin dæmi eru um að kvótakerfi þjóni settu markmiði. Talsmenn þessa kerfis benda þó á að

ágóði sem fæst með sköttum eða sektum geri kleift að aðrar aðferðir verði þróaðar við starfsráðningar.

Jafnréttislöggjöf skapar einnig vandamál. Stundum virðist sem slík löggjöf gangi fremur út á að koma ákveðnum skilaboðum til fatlaðra og atvinnuveitenda en að veita einstaklingum úrlausn á málum (ECOTEC, 2000).

Allar skýrslurnar og upplýsingarnar sem vísað er til hér að framan sköpuðu traustan umræðugrundvöll fyrir sérfræðinga í námsferðum og á vinnufundum. Í næsta hluta er samantekt á niðurstöðum þessara umræðna.

3 STARF EVRÓPUMIÐSTÖÐVARINNAR


Rannsóknir sem fram hafa farið innan umskiptaverkefnis Evrópumiðstöðvarinnar hafa aðeins beinst að skólunum – og markmiðið hefur verið að reyna að öðlast djúpstæðari og betri skilning á málefnum sem áður hafa verið skilgreind. Erfiðleikar sem aðilar atvinnulífsins hafa lagt áherslu á og áhrif þeirra á menntun hafa ávallt verið hafðir í huga, sem og áhrif námsúrræða á frekari starfsmöguleika nemenda með sérþarfir. Þó skal tekið fram að markmið þessarar skýrslu er ekki að leggja fram ítarlegar hugleiðingar um atvinnustefnu og úrræði. Rannsóknir á umskiptum hafa hvað þetta snertir aðallega snúist um ákveðin sjónarmið í tengslum við menntun. Aðeins er vísað til aðgerða eða tilhneingna í atvinnumálum í sem víðustum skilningi þegar nauðsyn krefur.

Þau lykilmálefni sem getið var um í fyrsta yfirlitinu voru notuð sem upphafsreitir þegar söfnun og uppfærsla á upplýsingum um umskipti frá hinum ýmsu löndum hófst, og þær upplýsingar er nú hægt að nálgast í gagnagrunni Evrópumiðstöðvarinnar. Starfsmenn frá löndunum sextán sem þátt tóku í umræðunni um umskipti töldu að innan þeirra átta málaflokka, sem kynntir voru í kaflanum hér að framan, væru enn óleyst vandamál. Því næst bentu fulltrúar allra landa á að einhver þróun hefði átt sér stað hvað snertir betri starfsaðstæður, hæfnismat og atvinnutækifæri nemendum með sérþarfir til handa. Þessi þróun á einkum við á ákveðnum stöðum þar sem staðbundnum verkefnum er hrint úr vör til að leysa úr ríkjandi vanda.

Hluti af verkefni Evrópumiðstöðvarinnar voru skipulögð mannaskipti sérfræðinga á sviði umskipta frá hinum ýmsu löndum þar sem fólk gat rætt saman um dagleg störf sín. Eftir þessar skiptiheimsóknir kom í ljós að á sex sviðum var þörf fyrir ítarlegri rannsóknir. Þessi svið eru skráð og þeim stuttlega lýst hér að neðan.

- Þátttaka nemanda í umskiptaferlinu: hvernig ætti að skipuleggja þetta ferli þannig að nemandinn verði miðpunktur þess? Þessu tengdust málefni á borð við:
 - a) Leiðsögn og mat;
 - b) Þróun einstaklingsbundinna námsáætlana;

- c) Þátttaka fjölskyldunnar.
- Forskrift að umskiptum: þær forskriftir sem notaðar eru í hinum ýmsu löndum við framkvæmd umskipta úr námi og út í atvinnulífið. Meðal lykilmálefna voru:
 - a) Aðferðir sem eru þróaðar og innleiddar við þjálfun nemenda á starfsvettvangi;
 - b) Aðferðir sem innleiddar eru til að koma á sambandi við atvinnuveitendur og fyrirtæki;
 - c) Sérstök áhersla skal lögð á „tvíþætta kerfið“, þ.e. bóklegt nám ásamt hagnýtri þjálfun á vinnustöðum.
- Viðurkenning: hæfnisvottorð og vitnisburður sem nemendur öðlast. Helstu málefni í tengslum við eftirfarandi:
 - a) Innihald og gildi hæfnisvottorða og vitnisburðar; hvernig brugðist er við fræðilegum kröfum og starfskröfum;
 - b) Hlutverk „áfangatengdra“ hæfnisvottorða;
 - c) Viðurkenning á vitnisburði (gildir einkum um nemendur sem eiga við töluverða eða alvarlega námsörðugleika að etja).
- Stuðningur: sá stuðningur sem veittur er við umskipti úr námi og út í atvinnulífið. Rætt var um eftirfarandi málefni:
 - a) Markmið og hlutverk mismunandi stuðningsaðgerða;
 - b) Kennsl borin á aðstæður þar sem aðgerðir skarast og eru endurteknar.
- Tengslanet: hvers konar þjónustuliðir eru fyrir hendi, auk skólanna; hvernig þeir tengjast og hve virkt samstarf þeir eiga.
- Stefnumótun og starfshættir: hvers konar „hjálp“úrræði eru fyrir hendi, ef einhver eru, í viðkomandi löndum og að hve miklu leyti þau hafa verið innleidd. Rætt var um eftirfarandi málefni:

-
- 
- a) Áhrif úrræða, svo sem kvótakerfa, við starfsráðningar fatlaðra einstaklinga;
 - b) Ástæður þess að viðkomandi úrræði hafa takmörkuð áhrif í sumum löndum;
 - c) Að hve miklu leyti sum félagsleg úrræði kunna í raun að auka mismunun.

Þessi málefni sköpuðu umræðugrundvöll hópsins, og út frá honum voru almenn sjónarmið og lykilatriði dregin fram. Gerð er grein fyrir þeim í næsta kafla og gefin dæmi um mismunandi starfsaðferðir í viðkomandi löndum.

4 SJÓNARMÍÐ OG ATRÍÐI SEM MÁLI SKIPTA

Í þessum kafla er lýst meginsjónarmiðum sem huga þarf að á sviði umskipta og fram koma við niðurstöður þess starfs sem unnið hefur verið af þeim sérfræðingum sem þátt hafa tekið í þessu verkefni. Umræðurnar byggðust á þeim sex sviðum sem lýst er í kaflanum hér á undan: 1) þátttaka nemanda í umskiptaferlinu; 2) forskrift að umskiptum; 3) viðurkenning; 4) stuðningur; 5) tengslanet; 6) stefnumótun og hagnýt úrræði.

Niðurstöðurnar sýndu að umskipti úr námi og út í atvinnulífið er flókið ferli og sérstaka gát þarf að sýna á ýmsum tilteknum sviðum í þessu ferli:

- a) Stefnumótun og hagnýt úrræði sem fyrir hendi eru og innleiðing þeirra;
- b) Þátttaka nemenda og virðing fyrir því sem þeir velja sér sjálfir;
- c) Þróun viðeigandi einstaklingsbundinnar námsáætlunar;
- d) Bein hlutdeild og samstarf allra viðkomandi aðila: fjölskyldu, sérfræðinga og þjónustuaðila;
- e) Þörf á nánu samstarfi milli skóla og atvinnumiðlunar.

Í eftirfarandi kafla er hvert svið kynnt með stuttri skilgreiningu og gerð er grein fyrir helstu þáttum sem vinna annars vegar gegn og stuðla hins vegar að velheppnuðu umskiptaferli. Þessir þættir verða skýrðir með dæmum sem fram komu í ýmsum lýsingum á daglegu starfi eða í umræðum sérfræðinga. Dæmi (skáletruð) eru aðeins birt hér: til að fá nánari upplýsingar ættu lesendur að skoða gagnagrunn Evrópumíðstöðvarinnar um umskipti á Netinu (www.european-agency.org), kafla um starfsemi, almennar útgáfur og yfirlit einstakra landa.

4.1 Stefnumótun og hagnýt úrræði sem fyrir hendi eru og innleiðing þeirra

Löggjöf, sem leiðir til stefnumótunar og hagnýtra úrræða, er forsenda þess að hægt sé að koma á velheppnuðu umskiptaferli og standa vörð um þau sjálfsögðu réttindi ungs fólks að vera fullgildir þátttakendur í samfélaginu. Stjórnvöld

bjóða upp á ýmsa möguleika, en oft er vandasamt að innleiða löggjöf.

Hindranir:

- Skortur á samræmi: Á sumum sviðum verður e.t.v. reynt að innleiða aðferðir sem gætu verið jákvæðar út af fyrir sig, en stangast á við ríkjandi stefnu eða úrræði á öðrum sviðum.
- Hlutlaus stefna: sum félagsleg úrræði (svo sem að snemma sé leitað til almannatrygginga eða bótakerfis) geta komið í veg fyrir að einstaklingurinn öðlist sjálfstæði og fari út á vinnumarkaðinn. Nauðsynlegt er að öllum ráðum sé beitt við starfsleit áður en farin er sú auðvelda leið að bjóða viðkomandi aðila bótageiðslur.

Hjálpærþættir:

- Innleiðing sveigjanlegrar stefnu sem rekja má til lagasetningar: í sumum löndum er stefnan sveigjanleg og býður upp á ýmsa möguleika á sviði umskipta. Innleiða þarf þó löggjöf með ákveðnum aðgerðum og ráðstöfunum (sjá áætlanir um umskipti í Bretlandi (Transition Planning in the United Kingdom practice, UK1 *East of England Region*)).
- Sveigjanlegar aðgerðir: sveigjanleiki er nauðsynlegur þegar um bótageiðslur er að ræða og taka þarf tillit til raunverulegra aðstæðna hvers einstaklings – möguleika hans og hverjar þarfir hans eru. Fatlaðir eiga að njóta jafnréttis og sömu tækifæra og aðrir, hvorki má misnota slíkt þeim í vil né öfugt (sjá kafla um almennt útgáfuefni, *Active Employment Policies and Labour Integration of Disabled People: Estimation of the Net Benefit*).
- Reglusetningar í viðkomandi löndum: nauðsynlegt er að settar séu reglur sem skylt er að fara eftir varðandi undirbúning og áætlun um umskipti fyrir allt ungt fólk, en ekki treyst eingöngu á suma skóla og staðbundið frumkvæði (sjá kafla með yfirliti landanna (Country Overview), *Frakkland*).

- Staðbundin verkefni: stuðningur við staðbundin verkefni virðist skila betri árangri en framtak sem fylgir í kjölfar stefnumótunar á landsvísu, þar sem staðbundin verkefni eru ekki eins háð stefnubundinni þjónustu og nálgast betur hinar raunverulegu aðstæður einstaklingsins (finna má dæmi í öllum efnisliðum sem flokkaðir eru í kaflanum um starfsemi (Practices section)).
- Upplýsingar fyrir atvinnuveitendur: atvinnuveitendur þurfa að fá upplýsingar um ríkjandi löggjöf og ráðstafanir – og þá kosti sem slíkt kann að hafa fyrir þá – til að geta aukið og bætt eigin þátttöku (sjá kafla með yfirliti landanna (Country Overview), *Svíþjóð*).
- Frjáls félagasamtök: Frjáls félagasamtök sinna mikilvægu hlutverki og starfa bæði með fötluðum og í þeirra þágu við að koma hagsmunum þeirra á framfæri meðal stefnumótandi aðila. Koma verður í veg fyrir að sumir hópar ungs fólks verði út undan þar sem engir taka upp málstað þeirra (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Ítalía, IT2, *La Lega Del Filo D'Oro*).

4.2 Þátttaka nemenda. Eigið val nemenda virt

Í þátttöku felst að nemandinn, fjölskyldan og sérfræðingar vinna saman að því að setja saman einstaklingsbundna námsáætlun. Hluti af ferlinu er að setja saman áætlun þar sem tekið er tillit til þess sem nemandi vill sjálfur taka sér fyrir hendur, og eykur möguleika hans fremur en að draga úr þeim. Bæði nemandinn og fjölskylda hans þurfa að upplifa sig sem virka þátttakendur við skipulagningu á umskiptaferlinu.

Hindranir:

- Ofverndun: þetta er eitt neikvæðasta atriðið. Það á við um alla með sérþarfir, einkum fólk sem á við námsörðugleika að etja. Hér er átt við ofverndun af hálfu sérfræðinga og fjölskyldna nemenda. Afleiðingar ofverndunar eru þær að eigið val nemandans verður meiri takmörkunum háð.

Hjálparbættir:

- Væntingar og óskir ungs fólks: við skipulag á umskiptaáætlun ætti frá upphafi að hafa óskir og þarfir viðkomandi ungmennis í fyrirrúmi. Þær ættu að skapa grundvöll hinnar einstaklingsbundnu áætlunar og slíkt kann að leiða til endurskoðunar á óraunhæfum markmiðum (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Noregur, NO2, *Erik*)
- Þátttaka nemenda og foreldra: formlegir fundir með sérfræðingum þyrftu að fara þannig fram að tryggt sé að hlustað sé á skoðanir nemandans og fjölskyldunnar og að fullt tillit sé tekið til þeirra. Einnig geta nemendur og fjölskyldur þeirra fengið hjálp ýmiss konar stuðningshópa við mótun framtíðaráætlunar. Stofnað er til þessara hópa innan viðkomandi sveitarfélaga og þá skipa nánir ættingjar og vinir og einnig helstu sérfræðingar, undir stjórn sérhæfðs og reynds talsmanns. Hópurinn gæti hist reglubundið á heimili nemendans. Eftir að áætlun hefur verið gerð geta bæði hann og foreldrarnir kynnt hana á formlegum fundum í skólanum og víðar. Stundum geta þessir hópar liðsinnt nemendum við að leita sér að starfi (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Austurríki, AT8, *Spagat*).
- Skýrar námsáætlanir: þær ætti að þróa í skólanum til að tryggja að nemandinn taki þátt í gerð þeirra. Hanna þarf námsáætlun, útvega það sem til þarf og eftirfylgni þarf að vera skipulögð á þann hátt að nemendur taki virkan þátt í henni, og séu hvattir til að taka ákvarðanir um áframhaldandi þróun, og mat á stöðunni (dæmi má finna í hverjum lið sem flokkaður er í kaflanum um starfsemi (Practices section)).
- Starfshæfni kortlögð: skrá þarf nákvæmlega getu og hæfileika nemanda og hann verður sjálfur að taka þátt í því að skilgreina kunnáttu sína og nauðsynlega starfshæfni, og slíkt þarf að gera í nánú samhengi við getu hans. Nemendur ættu að fá eins mörg tækifæri og mögulegt er á því að öðlast hagnýta reynslu á sem

flestum starfssviðum, svo að þeir geti gert sér sem besta grein fyrir getu sinni og hæfileikum. Hlutlausar aðferðir við mat munu koma að gagni í þessu tilliti (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Spain, ES1, *Perez Urruti*).

- Valfrelsi og greinargóðar upplýsingar: nemendur eiga beina hlutdeild að fleiri mikilvægum málum en þeim sem tengjast skóla, menntun og þjálfun: einnig þarf að sjá fyrir húsnæði, tómstundaiðju og félagslegum möguleikum; starfi; bótagreiðslum og stuðningsleiðum, og áframhaldandi menntun. Veita þarf upplýsingar á greinargóðan og samræmdan hátt til að nemendur, sem og fjölskyldur þeirra, geti tekið ákvarðanir um framtíðina og öll þau mál sem þeim er umhugað um.

4.3 Þróun viðeigandi einstaklingsbundinnar námsáætlunar

Nauðsynlegt er að þróa einstaklingsbundna námsáætlun í samvinnu við nemandann og foreldra hans, sem beinist ekki aðeins að því að viðkomandi taki framförum heldur einnig að öllum breytingum sem verða á skólagöngu hans. Fulltrúar landanna lögðu áherslu á að gera þarf greinarmun á *einstaklingsbundinni námsáætlun*, sem er víðtækari og beinist að menntun, og *umskiptaáætlun* – sem snýst frekar um það sem að umskiptum, heimi fullorðinna og starfi snýr. Þessar áætlanir þurfa þó að vera í nánú samhengi hvor við aðra.

Hindranir:

- Inntak: Einstaklingsbundnar námsáætlanir eru að mestu leyti fræðilegs eðlis. Persónuleg og félagsleg sjónarmið virðast, ef til tals koma, ekki skipta verulegu máli.
- Viðurkenning: Í sumum tilvikum fá nemendur ekki almennan vitnisburð og hafa þar með ekki sömu möguleika og aðrir. Augljóst ósamræmi er milli þeirrar hæfni sem fyrir hendi er og vitnisburðar, sem kemur enn fremur í veg fyrir að hægt að treysta á að sömu laun séu greidd fyrir sama starf. Hæfni er almennt metin út frá raunhæfri, almennri og félagslegri færni og framkomu,

sem samræmist ekki alltaf því marki sem reiknað er með að viðkomandi hafi náð, samkvæmt formlegum vitnisburði.

Hjálpættir:

- Einstaklingsbundin umskiptaáætlun: þessi áætlun þarf að vera hluti af hinni einstaklingsbundnu námsáætlun og byggjast á áhuga og óskum nemandans. Enn fremur ætti hún að innihalda:
 - Starfshæfni sem nauðsynleg er – almenna, tiltekna eða einstaklingsbundna;
 - Færni sem viðkomandi þarf að öðlast;
 - Hugsanlega atvinnumöguleika og horfur.

Stöðugt þarf að endurskoða umskiptaáætlunina.

Tryggja þarf þátttöku allra viðkomandi aðila í umskiptaáætluninni og gera grein fyrir ábyrgðarsviði hvers og eins. Þar ætti að vera:

- Ítarleg greining á möguleikum nemandans og áætlun um hugsanlegan starfsferil hans;
- Undirbúningur fyrir reynslu á starfsvettvangi og
- eftirfylgni á vinnustaðnum.

Endurskoða verður umskiptaáætlun með ákveðnu millibili og breyta henni samkvæmt þörfum og þroska nemandans (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Portugal, PO3, *Escola EB23 de Carteado Mena*).

- Reglubundið mat: meta þarf hina einstaklingsbundnu námsáætlun með reglubundnum hætti: nemendur þurfa að leggja fram eigið mat til að tryggt sé að þeir séu sjálfir þungamiðja umskiptaferlisins og einnig þurfa viðkomandi sérfræðingar að leggja fram mat. Allar niðurstöður þessara endurskoðana ætti að skrá skriflega (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Finnland, FI2, *Kurikka*).
- Þverfagleg aðferð: þróun á einstaklingsbundinni námsáætlun verður til í hópstarfi allra viðkomandi aðila (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Þýskaland,

DE4, AVJ).

- Þróun skjalamöppu: hin einstaklingsbundna umskiptaáætlun þarf að vera í formi skjalamöppu eða verkaskrár, sem nemandinn hefur umsjón með, og innihalda hvers konar tillögur, breytingar og árangur. Þar ætti einnig að vera yfirlit yfir getu og þarfir nemandans. Skólar, fjölskyldur og atvinnuveitendur eða fyrirtæki þurfa að leggja fram efnið (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Belgía (frönskumælandi hluti), BF1, *Amay*).
- Vitnisburður: verður að sýna árangur og hæfni og ætti að vera almennt viðurkenndur þannig að nemendur geti skipt um starf eða stað. Formlegur vitnisburður er ekki nauðsynlegur til allra starfa; þjálfunarkerfi byggt á einingum sem vinnuveitendur staðfesta virðist vera heppileg tilhögun (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Holland, NL1, *NPO*).
- Jafnrétti: í hinni einstaklingsbundnu umskiptaáætlun þarf að tryggja að jafnréttis sé gætt hvað snertir kynferði, menningu eða landssvæði (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Finnland, FI3, *Helsinki City College of Culinary, Fashion and Beauty*).

4.4 Bein hlutdeild og samstarf allra viðkomandi aðila

Afar mikilvægt er að allir viðkomandi aðilar – fjölskylda, skólar, launþegasamtök, stuðningsþjónusta og skólar sem veita starfsþjálfun – hafi með sér samstarf. Hlutverk þeirra og þátttaka er mismunandi eftir því hvar á lífsbrautinni nemandinn er.

Hindranir:

- Skortur á þjálfun: hinir ýmsu aðilar eru ekki tilbúnir til að taka þátt í samstarfi og deila ábyrgð.
- Skortur á greinargóðum reglum: þrátt fyrir viðleitni í sumum löndum virðast þjónustuaðilar hika við að eiga frumkvæði; greinargóðar reglur eru ekki fyrir hendi og

slíkt leiðir til þess að tengslanet eru ekki skilvirk.

- Skortur á samskiptum: í sumum tilvikum getur þátttaka foreldra valdið erfiðleikum þar sem þeir hafa ekki sömu væntingar og nemandinn og skólinn. Nauðsynlegt er að koma á virkum leiðum til að miðla upplýsingum og hafa samskipti.
- Skortur á sameiginlegu tungutaki og skilgreiningum: þjónustuaðilar nota mismunandi hugtök og skilgreiningar til að skýra hverjir fullnægja skilyrðum um stuðning meðan á umskiptaferli stendur:

Hjálpærþættir:

- Tengslanet til stuðnings: slíkt tryggir samstarf milli viðkomandi einstaklinga, stofnana og þjónustuaðila – hvar sem þeir eru staðsettir – þar sem einn viðkomandi þjónustuaðila tekur að sér að annast allt samræmi (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Austurríki, AT1, *The Social Network*).
- Verkefni skilgreind: skilgreina þarf nákvæmlega hlutverk hvers einstaklings eða þjónustuaðila, gera viðeigandi ráðstafanir og tryggja að þeim sé fylgt. Þó þarf að gera ráð fyrir ákveðnum sveigjanleika ef fram koma tillögur um að koma upp tengslanetum og/eða samræma slíkt samstarf. Einnig þarf að vera samkomulag um allan sameiginlegan stuðning og skipuleggja slíkt vel (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Belgía (flæmskumælandi hluti), BNL1, *Gemeentelijk Buso*).
- Efla þarf leiðbeiningarþjónustu í starfi: auka þarf aðstoð og úrræði sem þessum þjónustuaðilum eða sambærilegum aðilum er ætlað að veita. Starf þessara þjónustuaðila ætti fremur að snúast um vandamál nemandans en fyrirtækjanna. Þeir ættu einnig að veita fjölskyldunni ráðgjöf um bótageiðslur eða hvaðeina sem að fjölskyldunni snýr (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Austurríki, AT2, *Alpha Nova Compass*).

- Áframhaldandi þjálfun: viðkomandi aðilar þurfa að vera tilbúnir til að starfa áfram saman í framtíðinni og deila með sér ábyrgð (dæmi má finna í hverjum lið sem flokkaður er í kaflanum um starfsemi (Practices section)).
- Aðild vinnuveitenda og fagfélaga: vinnuveitendur og launþegasamtök þurfa að vera virkari og taka meiri þátt í þessu samstarfi til að tryggja ungu fólki betri atvinnutækifæri (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Þýskaland, DE2, *Berufsausbildungswerk Mittelfranken*).

4.5 Náin tengsl milli skóla og atvinnulífs

Nemendur þurfa að fá reynslu á starfsvettvangi. Meginmarkmiðið er að auka sjálfstraust og sjálfstæði, staðfesta raunverulegar væntingar nemenda og tryggja þeim framtíðarstarf. Sérfræðingar lögðu áherslu á að verkleg þjálfun í fyrirtækjum á námstíma væri besta leiðin til að nemendur kynntust fyrirtækjum og almennum vinnumarkaði af eigin raun. Slíkt gerir nemendum einnig auðveldara að taka ákvarðanir um það sem þeim stendur til boða á vinnumarkaðinum.

Skólar og atvinnulíf verða að auka samstarf sín á milli. Hvað skólana snertir verða þeir að fylgjast með þeirri þróun og þeim breytingum sem verða á atvinnumarkaðinum.

Hindranir:

- Lokuð kerfi: Skólar og fyrirtæki tilheyra hvor sínum „heimi“, beita ólíku orðalagi og starfsaðferðum og hafa ólík markmið. Aðilar innan þeirra þurfa að kynnast betur með því að vinna að sömu málefnum, virða og skilja hin ólíku viðfangsefni sem þó miða að sameiginlegu markmiði, þ.e. gagnkvæmum ávinningi.
- Nám er afgerandi þáttur hvað möguleika að því loknu snertir: svo virðist stundum sem skólaganga veiti nemendum einkum undirbúning að einu leyti, þ.e. fyrir starf á vernduðum vinnustað. Fyrir fram ákveðin sjónarmið hamlar bæði persónulegum og faglegum

þroska nemandans. Í slíkum tilvikum koma skólar sem veita starfsþjálfun oft í veg fyrir að nemendur með sérþarfir fái inngöngu í nám þar sem áætlanir þar eru ekki aðlagðar einstaklingsbundnum þörfum.

Hjálpærþættir:

- Uppbygging tengslaneta: til að efla tengsl milli beggja aðila gæti verið mjög gagnlegt að byggja upp tengslanet. Þessi tengslanet gætu verið bæði af félagslegum og faglegum toga og foreldrasamtök gætu átt aðild að þeim (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Frakkland, FR1, *DJINH, Dispositif Jeunes Insertion Handicap*).
- Skapandi aðferðir: hér er markmiðið að finna leiðir og aðferðir til að sigrast á neikvæðum viðhorfum innan vinnumarkaðarins. Skólar ættu að byggja upp samskipti við atvinnufyrirtæki og sýna þeim hvernig til hefur tekist í sumum skólum við að aðlaga fatlaða nemendur almennum aðstæðum (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Portúgal, PO1, *Projecto PROACT, escola Basica 2/3 de S. Pedro do Sul*).
- Aukning á tvíþættum kerfum: Sú regla að sameina faglegt nám í skóla og starfsþjálfun í fyrirtækjum (tvíþætt kerfi) virðist skila árangri og koma þyrfti því á meðal allra nemenda (dæmi má finna í hverjum lið sem flokkaður er í kaflanum um starfsemi (Practices section)).
- Skipulag á sveigjanlegum þjálfunaraðferðum: t.d. eftirfarandi fyrirkomulag: undirbúningsár áður en farið er í þjálfun samhliða starfi; viðbótarár til starfsþjálfunar áður en leitað er eftir starfi: framlenging á starfsþjálfun eins lengi og þörf krefur; starfsþjálfun fari fram í áföngum; allir nemendur eigi kost á sex mánaða starfstengdri þjálfun sem sé hluti af þriggja ára starfsnámi þeirra og þjálfun (dæmi má finna í hverjum lið sem flokkaður er í kaflanum um starfsemi (Practices section), sjá fyrst og fremst Þýskaland, DE3, *BO10 - Berufsorientierender Lehrgang in Kooperation mit Betrieben der freien Wirtschaft*).

- Aukning á þverfaglegum samskiptum: skólarnir þurfa að standa atvinnulífinu opnir þannig að fólk þaðan sé fengið til að ræða við nemendur og sérfræðinga um starfsmöguleika (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Noregur, NO3, *Hordalandsmodellen*).
- Upplýsingabanki um störf: upplýsingabanki þar sem hægt er að skoða atvinnutilboð virðist gera nemendum auðveldara að taka ákvarðanir (sjá *Aetat Service* í starfsemi Noregs, NO3 *Hordalandsmodellen*).
- Eftirfylgni: skólarnir þurfa að hafa eftirlit með nemendum, a.m.k. tímabundið, þegar þeir fara út í atvinnulífið til að fylgjast með hvernig þeir spjara sig. Eftirfylgni má nýta sem nokkurs konar matsaðferð sem veitir bæði skólum og tengslanetum nauðsynlegar upplýsingar til að lagfæra og/eða breyta áætlunum sínum. Mat á árangri nemenda, og gæðum þeirra starfsaðferða sem beitt er, getur orðið til þess að atvinnuveitandi ákveður að viðkomandi störfum skuli haldið áfram og þeim fjölgað innan fyrirtækisins (margfeldisáhrif) (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Holland, NL1, *NPO – A Job for Every Pupil*).
- Stuðningsaðferðir: þörf er á persónulegum, efnislegum, fjárhagslegum og tæknilegum úrræðum til stuðnings starfsmönnum og einnig vinnuveitendum (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Grikkland, EL1, *Margarita*).

4.6 Umskipti úr námi og út í atvinnulífið er hluti af löngu ferli

Einstaklingar horfa fram á ýmis umskipti á æviskeiði sínu. Umskipti úr skóla og út í atvinnulífið er meðal þessara afgerandi tímamóta og ganga út á að undirbúa og greiða fyrir ungmennum á leið út í atvinnulífið og heim fullorðinna. Þetta er hluti af flóknu ferli sem skipuleggja þarf á einfaldan, skýran og gegnsæjan hátt þannig að nemendur eigi kost á að flytja sig úr námi í starf með því að skilgreina þær hindranir eða erfiðleika sem á vegi þeirra verða og finna lausn á þeim.



Hindranir:

- Stífl uppbygging og/eða stífar starfsreglur menntakerfisins: stífar matsaðferðir, illa samræmdur flutningur milli skóla og síðar út í atvinnulífið hindrar velheppnað umskiptaferli.
- Hindranir í skipulagi: mismunandi fjármögnun og stjórnskipulag innan menntakerfa, samkeppni sem og skortur á samvinnu meðal þjónustuaðila valda oft erfiðleikum.
- Lagalegar hindranir: mismunandi lagakerfi innan menntamála eða þjónustuþættir sem stjórnast af lögum sem stangast á koma líka í veg fyrir að umskiptaferli gangi snurðulaust fyrir sig.

Hjálpærþættir:

- Ferlið þarf að hefjast snemma: skólarnir þurfa að byrja eins fljótt og hægt er að undirbúa nemendur fyrir umskipti yfir í heim fullorðinna, þar með talið atvinnulíf. Þetta ferli má ekki hefjast í lok skyldunáms (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Svíþjóð, SE1, *The Employability Institute*).
- Viðeigandi leiðsögn: tryggja þarf viðeigandi áætlun um leiðsögn meðan á umskiptaferli stendur (dæmi má finna í hverjum lið sem flokkaður er í kaflanum um starfsemi (Practices section)).
- Sveigjanlegur stuðningur: sá stuðningur sem nemandi fær þarf að vera hæfilega sveigjanlegur til að hægt sé að bregðast við einstaklingsbundnum aðstæðum og þörfum og hann þarf að ná út yfir námslok (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Bretland, UK2, *Oaklands College*).
- „Talsmaður“ eða málsvari: tilteknir sérfræðingar þurfa að vera í forsvari og ættu að koma fram sem málsvarar og veita stuðning meðan á umskiptaferli stendur eins lengi

og unnt er. Viðkomandi aðili þarf fyrst og fremst að starfa innan skólans og vera lykilpersóna þess hóps sem þróar umskiptaáætlunina (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Lúxemborg, LU2, *LTC - Lycée Technique du Centre*).

- Eftirfylgni: til að tryggja velheppnað umskiptaferli er nauðsynlegt að tryggja að nemendum sé fylgt eftir þegar þeir hafa hætt skólagöngu (sjá kafla um starfsemi (Practices Section), Holland, NL2, *NW-Veluwe*).

Þó að hinir ýmsu þættir sem áhersla er lögð á í skýrslunni séu flokkaðir hér sem aðgreindir þættir er svo sjaldnast í raun. Þessir þættir eru allir mjög samtengdir og stundum er erfitt að greina einn þeirra frá öðrum.

Almennt má lýsa þeim sem *einföldum* og *flóknum* þáttum. *Einfaldir* eru þeir þættir sem auðvelt er að skilgreina, án þess að rugla þeim saman við aðrar þætti, þegar aðstæðum er lýst. Þetta á til dæmis við um hugtakið jafnrétti þegar það er notað til að tryggja ákveðnar aðstæður við umskipti.

Flestir þættir eru *flóknir*. Meðal þeirra má nefna tvo til nánari skilgreiningar: *umbreytanlegir* – til dæmis þegar jákvæðar aðstæður breytast í andhverfu sína og öfugt – og *samsettir* þættir – þegar vart er hægt að aðskilja tvo þætti. „Sveigjanlegar aðferðir“ eru dæmi um umbreytanlegan þátt þar sem þær lýsa jákvæðum aðstæðum sem geta til dæmis auðveldlega breyst í andhverfu sína ef sveigjanleika er ekki gætt eða hann misnotaður. Einstaklingsbundin umskiptaáætlun er gott dæmi um samsettan þátt þar sem ekki er svo auðvelt að aðgreina hana frá öðrum þáttum, svo sem „reglubundnu mati“.

5 YFIRLIT YFIR NIÐURSTÖÐUR

Í þessari skýrslu hefur verið reynt að fjalla um þrjú svið:

- 1) **Helstu vandamál** sem nemendur, fjölskyldur þeirra og sérfræðingar standa frammi fyrir við umskipti úr námi og út í atvinnulífið. Svára við þessari spurningu var leitað í þeim gögnum sem til eru um þetta efni bæði í Evrópu og á alþjóðavísu. Þau vandamál sem upp koma, bæði í skólum og atvinnulífi, eru mikið til hin sömu og nátengd hvert öðru. Helstu vandamál sem fram koma á báðum stöðum beinast að eftirfarandi:
 - Hvernig á að draga úr eða hindra að fjöldi nemenda hætti námi og að ungt fólk sé atvinnulaust;
 - Hvernig á að auka aðgengi að góðri menntun og þjálfun;
 - Hvernig á að veita ungu fólki þá hæfni sem samsvarar getu þess og gera því þannig kleift að takast á við fullorðinsár og atvinnulíf.
 - hvernig er hægt að stuðla að auknum samskiptum og gagnkvæmum skilningi milli skóla og atvinnulífs.
- 2) **Lykilatriði** sem vinna þarf að á sviði umskipta, með tilliti til ríkjandi vanda. Rannsókn á þessu sviði fór fram með umræðum og rannsóknnum á gögnum sem sérfræðingar frá þeim sextán löndum sem þátt tóku í verkefninu lögðu fram. Í ljós komu sex lykilatriði sem snerta hugtakið umskipti:
 - a) Koma verður á löggjöf og stefnumálum til stuðnings því ferli sem felst í umskiptum.
 - b) Tryggja þarf að nemandi taki þátt í umskiptaferlinu og að persónulegar óskir hans séu virtar. Nemandinn, fjölskylda hans og sérfræðingar verða að vinna saman að því að setja saman einstaklingsbundna áætlun.
 - c) Við umskipti þarf að sjá til þess að unnið sé að einstaklingsbundinni námsáætlun þar sem stuðlað er að framförum nemandans og að tillit sé tekið til allra breytinga sem verða á skólagöngu hans.

- d) Bein þátttaka og samstarf allra viðkomandi aðila er undirstöðuatriði við umskipti.
 - e) Náðið samstarf milli skóla og vinnumarkaðar er afar mikilvægt við umskipti til að nemendur eigi kost á að fá reynslu á starfsvettvangi.
 - f) Umskipti eru hluti af löngu og flóknu ferli þar sem ungmenni fá undirbúning og aðstoð á leið sinni út í atvinnulífið og heim fullorðinna.
- 3) **Helstu þættir** sem virðast annaðhvort stuðla að eða koma í veg fyrir velheppnað umskiptaferli. Eftirfarandi þættir voru tilgreindir úr daglegu starfi hinna ýmsu starfsmanna. Raunverulegar aðstæður við umskipti vörpuðu ljósi á ýmsa þætti svo að auðvelt var að gefa nákvæmari lýsingu á þeim sex atriðum sem greint er frá hér að framan. Þessir þættir virtust ýmist hindra eða stuðla að velheppnuðu umskiptaferli. Í lýsingu á þessum þáttum má sjá að afar fáir þeirra samsvara raunverulegum og einföldum aðstæðum – *einfaldir* þættir. Meiri hluti þeirra samsvarar flóknum og nátengdum aðstæðum – *flóknir* þættir.

Niðurstaða rannsóknar á þeim þremur sviðum sem greint er frá hér að framan hefur skilað þeim árangri að skilgreindar hafa verið tillögur um hvernig umskiptum skuli hagað í framtíðinni. Tillögurnar eru kynntar í næsta kafla. Þeim er beint til stefnumótandi aðila og sérfræðinga og miða að því að veita leiðbeiningar um hvernig vinna má betur að því að þróa og koma á umskiptaferli.

6 TILLÖGUR

Eftirfarandi tillögum er beint til stefnumótandi aðila og sérfræðinga. Líta ber á tillögur um stefnumótun sem leiðbeinandi í viðkomandi löndum, á landsvísu, svæðisbundið og innan sveitarfélaga.

Tillögurnar byggjast á atriðum og þáttum sem greint er frá í köflunum hér að framan og í þeim er reynt að draga fram hagnýtar aðferðir sem nauðsynlegar eru til að umskipti úr námi og út í atvinnulífið verði fötluðum ungmennum sem auðveldust.

Stefnumótun og starfshættir – innleiðing þeirra

Tillögur á sviði stefnumótunar

Stefnumótandi aðilar ættu:

- að efla og/eða gera verulegar úrbætur á samræmdri stefnu á ýmsum þjónustusviðum, og koma í veg fyrir að komi verði á nýrri löggjöf sem er í mótsögn við eða fellur að hluta til saman við núverandi löggjöf.
- að tryggja að raunhæfum aðferðum sé beitt við að innleiða með virkum hætti samþykktá löggjöf, til að koma í veg fyrir mismunun og/eða misrétti vegna mismunandi úrræða, bæði hvað snertir mannlega og tæknilega þætti.
- að leita áhlts, íhuga og taka tillit til skoðana sem fram koma meðal þeirra frjálsu félagasamtaka sem starfa með fötluðum og í þeirra þágu.
- Að leita virkrar stefnu og koma henni á framfæri í þeim tilgangi að auka atvinnu og persónulegt sjálfstæði.
- að tryggja markvissara eftirlit og mat á öllum „hjálpár“úrræðum til handa fötluðum, svo sem kvótakerfi, skattaívilnunum o.s.frv., og tryggja að öll þjónusta, á landsvísu, svæðisbundið sem og innan sveitarfélaga, sé fyrir hendi.
- að tryggja að fyrir hendi séu yfirgripsmiklar upplýsingar fyrir atvinnuveitendur hvað snertir lagalegar og stefnumótandi aðgerðir.
- að tryggja að tengslanetum verði komið á innan sveitarfélaga sem vinni að stefnumótun á landsvísu, og allir viðkomandi aðilar eigi aðild að.

Tillögur um starfshætti

Sérfræðingar ættu:

- að afla sér allra nauðsynlegra upplýsinga, aðferða og færni til að geta innleitt ríkjandi löggjöf og tryggt að viðeigandi aðferðarfræði sé beitt í því sambandi.
- að meta nýsköpunarverkefni innan sveitarfélaga með reglubundnum hætti og dreifa upplýsingum um niðurstöður þeirra til að auðvelda starfið.
- að koma upp tengslanetum þar sem allir viðkomandi aðilar (vinnuveitendur, félags- og námsþjónusta og fjölskyldur) eiga fulltrúa, til að hægt sé að ræða um hlutina, gera áætlanir og innleiða stefnu á landsvísu.
- að eiga auðvelt með að koma þörfum sínum á framfæri við stjórnendur þegar nýjar aðferðir eru teknar upp.

Pátttaka nemenda. Eigið val nemenda virt

Tillögur á sviði stefnumótunar

Stefnumótandi aðilar ættu:

- að sjá skólum fyrir nauðsynlegum úrræðum (tíma og ráðstöfunarfé) svo að þar sé hægt að eiga samstarf við nemendur og fjölskyldur þeirra.
- að tryggja að ofangreind úrræði hafi verið nýtt á sem árangursríkastan hátt og að slíkt samstarf hafi farið fram.

Tillögur um starfshætti

Sérfræðingar ættu:

- að vera sem mest samvistum við nemandann og fjölskyldu hans til að öðlast betri skilning á óskum þeirra og þörfum.
- að byrja eins fljótt og hægt er að vinna skriflega að umskiptaáætlun, sem nemandinn, fjölskyldan og þeir sérfræðingar sem síðar koma að málinu, jafnt innan skólans sem utan, hafa aðgang að.
- að breyta umskiptaáætluninni og laga hana að aðstæðum hvenær sem nauðsyn krefur í samstarfi við nemandann.
- að hvetja nemandann eins og hægt er til að hann geri

-
- sér grein fyrir eigin kunnáttu og færni.
 - að veita nemendum og fjölskyldum þeirra eins miklar upplýsingar og þörf er á, eða vísa þeim á faglega þjónustu.
 - að tryggja að hin einstaklingsbundna námsáætlun og umskiptaáætlun séu á aðgengilegu formi fyrir námsmenn sem eiga t.d. við lestrarörðugleika að etja.

Þróun viðeigandi einstaklingsbundinnar námsáætlunar

Tillögur á sviði stefnumótunar

Stefnumótandi aðilar ættu:

- að sjá til þess að nauðsynleg úrræði séu fyrir hendi í skólum til að tryggja að þróaðar séu einstaklingsbundnar námsáætlanir. Einkum ætti að sjá til þess að kennarar hafi nægan tíma til að sinna starfi sínu og fái nauðsynlega leiðsögn.
- að tryggja að umskiptaáætlun sé hluti af hinni einstaklingsbundnu námsáætlun.
- að setja fram gæðastaðla fyrir hinar einstaklingsbundnu námsáætlanir.
- að tryggja að sú kunnátta sem nemendur hafa aflað sér komi fram í vitnisburði þeirra og koma í veg fyrir hvers konar mismunun.

Tillögur um starfshætti

Sérfræðingar ættu:

- að tryggja að nemandinn sé miðpunktur við þróun einstaklingsbundinnar námsáætlunar og einstaklingsbundinnar umskiptaáætlunar.
- að fá nauðsynlega aðstoð í hópvinnu við að þróa einstaklingsbundna námsáætlun.
- að tryggja að hin einstaklingsbundna námsáætlun sé metin með reglubundnum hætti af nemandanum, fjölskyldu hans, sem og viðkomandi sérfræðingum, jafnt innan skólans sem utan, og að það sé gert skriflega.
- að vinna frá upphafi að „skjalamöppu“, eða einhverju sambærilegu, til að öll gögn um hina einstaklingsbundnu námsáætlun og skýrsla um allar breytingar sem gerðar eru, séu geymd á einum og sama stað.

- Meðal þessara gagna ætti að vera mat á viðhorfi, þekkingu og reynslu nemandans og meginstyrkleikum hans (þ.e. á faglegu sviði, í starfi, í daglegu lífi, tómstundum, við sjálfsákvörðun og samskipti).

Bein hlutdeild og samstarf allra viðkomandi aðila

Tillögur á sviði stefnumótunar

Stefnumótandi aðilar ættu:

- að tryggja að ráðstafanir séu gerðar til að þjónustuaðilar hafi með sér samstarf, og tryggja jafnframt að því samstarfi sé fylgt eftir.
- að gera skýra grein fyrir þeirri ábyrgð sem hvílir á þjónustuaðilum til að tryggja að starf þeirra sé samræmt með árangursríkum hætti.
- að tryggja að mat sé lagt á samræmi og þá ábyrgð sem þjónustuaðilar deila sín á milli til að hægt sé að gera breytingar ef þörf krefur.
- að tryggja að allir þjónustuaðilar geri skyldu sína og taki þátt í samræmingarstarfinu.
- að hvetja vinnuveitendur og launþegasamtök með tilteknum hætti til að taka þátt í þessu starfi.
- Stefnumótandi aðilar ættu að hvetja til samstarfs og samræmis meðal allra viðkomandi sviða á landsvísu.

Tillögur um starfshætti

Sérfræðingar ættu:

- að hafa öflugt tengslanet, sér og öðrum sérfræðingum til stuðnings, þar sem leita má svara við spurningum og fá upplýsingar.
- að fá opinberlega staðfest (með ráðstöfunarfé eða a.m.k. með áætluðum tíma) að þeir sinni því samræmingarstarfi sem aðrir þjónustuaðilar fara fram á.
- að fá framhaldspjálfun til að vera betur í stakk búnir til að skilgreina hvaða störf þarf að samræma og læra að deila ábyrgð.

Náin tengsl milli skóla og atvinnulífs



Tillögur á sviði stefnumótunar

Stefnumótandi aðilar ættu:

- að tryggja að öll ungmenni fái reynslu á starfsvettvangi.
- að tryggja aðgengi allra nemenda að einhvers konar starfsþjálfun þar sem tekið er tillit til þeirrar aðstoðar sem hver og einn hefur þörf fyrir.
- að skipuleggja sveigjanleg þjálfunarúrræði, gefa t.d. kost á undirbúningstíma áður en starfsþjálfun hefst.
- að stuðla að því að fyrirtæki fái formlega sem óformlega hvatningu (þ.e. skattalækkunar, samfélagslega viðurkenningu) til að skapa störf fyrir ungmenni þar sem þau geta sameinað vinnu og nám.
- að leggja áherslu á og sýna fram á sameiginlegar hagsbætur með mati á umskiptum sem vel hafa heppnast.
- að fá atvinnuveitendur til að eiga hlutdeild að slíku, í samstarfi við atvinnumiðlanir, með upplýsingaherferðum; tengslanetum atvinnuveitenda og launþegasamtaka.
- að gera sér grein fyrir þörf á formlegu samstarfi milli skóla og atvinnumiðlunar.
- að skapa möguleika á því að kennarar geti aukið faglega kunnáttu sína.

Tillögur um starfshætti

Sérfræðingar ættu:

- að huga að möguleikum á atvinnumarkaðinum og afla sér meiri upplýsinga um þá.
- að hafa tíma til að heimsækja fyrirtæki, skipuleggja fundi með fulltrúum þeirra, sem og öðrum aðilum atvinnulífsins, og skapa möguleika á starfsþjálfun fyrir kennara innan fyrirtækja til að viðhalda tengslum þeirra við dagleg störf á þeim vettvangi.
- að fá leyfi innan skólans til að stofna til samskipta við fyrirtæki og gera ráðstafanir í samvinnu við þau.
- að bjóða sérfræðingum úr atvinnulífinu í skólana til að hitta nemendur, kennara og annað starfsfólk.
- að tryggja að nemendum sé fylgt eftir að námi loknu.

Umskipti úr námi og út í atvinnulífið er hluti af löngu ferli

Tillögur á sviði stefnumótunar

Stefnumótandi aðilar ættu:

- að skipuleggja nauðsynlegar aðferðir til að tryggja velheppnað umskiptaferli, skilgreina hindranir og vandamál á þessu sviði og ryðja þeim úr vegi.
- að koma í veg fyrir stífa starfshætti í skólum (t.d. hvað snertir almennt mat).
- að gera hinum ýmsu þjónustuaðilum auðveldara með að eiga samstarf sín á milli, sem og á sínu eigin sviði, og gera ráð fyrir þeim tíma sem sérfræðingar nota í slíkt samstarf og vinnu við að samræma störf sín.
- að tryggja að snemma á skólagöngu nemandi sé byrjað að þróa umskiptaáætlun fyrir hann, en ekki bara um þær mundir sem skyldunámi lýkur.
- að samþykkja nauðsyn þess að einn tiltekinn sérfræðingur komi fram sem *talsmaður* eða málsvari og veiti nemandi stuðning í umskiptaferlinu.

Tillögur um starfshætti

Sérfræðingar ættu:

- að nota skilvirkar aðferðir til að gera þetta ferli sem auðveldast (þ.e. viðeigandi leiðbeiningar, sveigjanlegan stuðning, gott samræmi o.s.frv.); gera þarf opinberlega ráð fyrir þeim tíma sem fer í þessi skyldustörf og fá hann samþykktan.

Sérfræðingar, stefnumótandi aðilar og fulltrúar atvinnuveitenda og launþegasamtaka sem þátt tóku í þessu verkefni komust að þeirri niðurstöðu að ef þær tillögur sem lagðar voru fram yrðu teknar til greina mundi slíkt vafalaust vera umskiptaferli til góða og draga úr þeim vandamálum sem nemendur standa nú frammi fyrir þegar þeir hætta skólagöngu og þurfa að takast á við þá reynslu að tryggja sér starf.

7 HEIMILDIR

Collado, J.C., Villagómez, E (2000) **Active Employment Policies and Labour Integration of Disabled People: Estimation of the Net Benefit**. Fundación Tomillo, Centre for Economic Studies. Yfirlitsskýrsla sem unnin var á vegum atvinnumáladeildar framkvæmdastjórnar ESB.

ECOTEC Research and Consulting Ltd. (2000) **Benchmarking Employment Policies for People with Disabilities**. Skýrsla sem unnin var á vegum atvinnumáladeildar framkvæmdastjórnar ESB.

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu; Ritstjórar: Bertrand, L., Pijl, S.J. og Watkins, A. (2000) **The Participation of people with disabilities within the SOCRATES Programme** (Þátttaka fatlaðra í Sókrates-áætluninni), data appendices. Skýrsla sem unnin var á vegum mennta- og menningarmáladeildar framkvæmdastjórnar ESB.

Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu Ritstjóri: Meijer, C.J.W. (1999) **Financing of Special Needs Education** (Sérkennsla og fjárveitingar). Middelfart: Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu.

Framkvæmdastjórn ESB: **Joint Employment Report** (1998).

Framkvæmdastjórn ESB: **Labour Force Survey** (2000).

European Disability Forum (Samtök fatlaðra í Evrópu): **The Madrid Declaration** (2002). Brussel European Disability Forum.

Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO, 1998) **Education, Employment and Training Policies and programmes for Youth with Disabilities in four European Countries**. Genf ILO.

Lauth, O. o.fl. (1996) **Socialisation and Preparation for Independent Living, Vocational Training and Education of Disabled Adults**. Helios-áætlunin. Skýrsla sem unnin var á

vegum mennta- og menningarmáladeildar framkvæmdastjórnar ESB.

OECD (1996) **Employment Outlook**, Paris, OECD.

OECD (1997) **Post-compulsory Education for Disabled People**, Paris, OECD.

Pellisé, C. o.fl. (1996) **Transition through the Different Levels of Education**. Helios-áætlunin. Skýrsla sem unnin var á vegum mennta- og menningarmáladeildar framkvæmdastjórnar ESB.

UNESCO (1994) **Alþjóðleg ráðstefna um sérþarfir í námi: aðgengi og gæði**. Salamanca: UNESCO.

Gagnagrunnur á Netinu um umskipti úr skóla og út í atvinnulífið
<http://www.european-agency.org/>

Samstarfsaðilar Evrópumiðstöðvarinnar og sérfræðingar um umskipti frá ýmsum löndum

(WP = Working Partner)

Austurríki

Irene MOSER (WP) irene.moser@aon.at
Claudia NIEDERMAIR claudia.niedermair@magnet.at
Judith PANNOS judith.pannos@ssr-wien.gv.at

Belgía (flæmskumælandi hluti)

Theo MARDULIER (WP) theo.mardulier@ond.vlaanderen.be
Ludo VLAMINCKX dbo@vlaanderen.be
Maria CREVE dbo@vlaanderen.be

Belgía (frönskumælandi hluti)

Thérèse SIMON (WP) therese.simon@skynet.be
Danielle CHOUKART danielle.choukart@cfwb.be

Danmörk

Poul Erik PAGAARD (WP) poul.erik.pagaard@uvm.dk
Preben SIERSBAEK LARSEN siersbaek@uvm.dk

Finnland

Minna SAULIO (WP) minna.saulio@oph.fi
Touko HILASVUORI touko.hilasvuori@minedu.fi
Eija EL DAOUK eija.eldaouk@edu.hel.fi
Markku JAHNUKAINEN markku.jahnukainen@hamk.fi

Frakkland

Pierre Henri VINAY (WP) cnefei-diradj@education.gouv.fr
Nel SAUMONT (WP) brex@cnefei.fr
Patrice BLOUGORN brex@cnefei.fr

Þýskaland

Anette HAUSOTTER (WP) a.hausotter@t-online.de
Alexander BÖHM alexboehm@odn.de
Ernst SCHULTE schulte@rwb-essen.de

Grikkland

Venetta LAMPROPOULOU (WP) spedu@pi-schools.gr
Stavroula POLYCHRONOPOULOU

Eleni MATHIOTOPOULOU polychronopoulou@geniki.gr
eurydice@ypeth.gr

Ísland

Bryndís SIGURJÓNSDÓTTIR (WP) brysi@ismennt.is
Eygló EYJÓLFSDÓTTIR eyglo.eyjolfisdottir@mrn.stjr.is

Ítalía

Maria Rosa SILVESTRO (WP) mariarosa.silvestro@istruzione.it
Paola TINAGLI paola.tinagli@istruzione.it
Lucia DE ANNA Deanna@iusm.it
Elisabetta BERNARDINI bettabernardini@libero.it

Lúxemborg

Jeanne ZETTLINGER (WP) srea@pt.lu
Pia ENGLARO srea@pt.lu
Monique KRIER srea@pt.lu

Holland

Sip Jan PIJL (WP) s.j.pijl@ppsw.rug.nl
Peter den BOER pdb@stoas.nl
Harrie van den BRAND vdbrand@tref.nl

Noregur

Gry HAMMER NEANDER (WP) Gry.Hammer.Neander@ls.no
Jorun Buli HOLMBERG j.b.holmberg@isp.uio.no
Gunvor BOLLINGMO gunvor.bollingmo@bfk.no

Portúgal

Vitor MORGADO (WP) vitor.morgado@deb.min-edu.pt
João de LIMA PINHEIRO np99ma@mail.telepac.pt

Spánn

Victoria ALONSO GUTIÉRREZ (WP) victoria.alonso@educ.mec.es
Marisa HORTELANO ORTEGA marisa.hortelano@educ.mec.es
Maria Dolores CEBOLLADA loguar@teleline.es

Svíþjóð

Lena THORSSON (WP)

Håkan NORDIN

Leif THORSSON

[lena.thorsson@sit.se](mailto:lana.thorsson@sit.se)

hdprod@telia.com

leif.thorsson@swipnet.se

Bretland

Felicity FLETCHER-CAMPBELL (WP) f.f-campbell@nfer.ac.uk

Lesley DEE

ld205@hermes.cam.ac.uk